

## Stjórnarfundur 21. ágúst 2023

Mætt: Logi, Erlendur, Bjarni, Ingibjörg og Áslaug

Á TEAMS: Eva og Elsa

### Starfsmannaráðningar:

Þrjú störf voru auglýst fyrir sumarfrí en Eva hættir um næstu mánaðamót og Helga Björk í byrjun október. Í Evu stað var ákveðið að fá bókara til starfa sem og rekstrarstjóra. Rún Rúnarsdóttir var ráðin í 40% starf bókara og hefur störf í lok mánaðar. Ólöf Bóadóttir (Ólöf Björk Ingólfsdóttir) var ráðin sem deildarstjóri almennra námskeiða í 50% starfi. Ennfremur var 80% starf rekstrarstjóra auglýst og var Steingerður Hreinsdóttir ráðin til starfsins. Hún mun einnig sjá um Erasmus og telst það 20% starf þannig að hún verður í fullu starfi. Hún er í starfi sem hún þarf að segja lausu og ekki er enn vitað hvort þess verður krafist að hún vinni uppsagnarfrest og þá hve lengi. Hún er í frí erlendis en mun ganga í þessi mál um leið og hún kemur tilbaka. Til að brúa bilið sem myndast mun Silfrún Una Guðlaugsdóttir taka Erasmus að sér en starfið mun eiga heimilsfesti á bókasafni skólans og er stefnt að því að Silfrún mæti þrjá morgna í viku því mikið er framundan af verkefnum, en t.d. eru fjórir hópar af nemendum á leið í ferðir á næstunni. Helga Finnsdóttir mun sjá um að skrá samninga inn í sérstakt skjal til þess að hægt verði að greiða laun en Helga hefur áður aðstoðað við bókhald. Ragnheiður Gestsdóttir er tilbúin til að taka að sér vaktir á skrifstofu en auk áðurnefndar uppsagna er Sólbjört Vera á leið í fæðingarorlof um mánaðamótin ágúst/september.

### Samningar við ríki:

Lítið hefur breyst í þeim málum. Þó hringdi fjármálastjóri ráðuneytisins í Áslaugu í liðinni viku en erindið var að greina frá því að ekkert væri enn að fréttastofu af þeim málum.

### Húsnæðismál:

Það líður að því að fresti ljúki til að skila inn tilboði í Laugavegsreitinn á nýjan leik. Að þessu sinni má gera tilboð í einstaka hluta þar sem ekki hefur gengið nægilega vel að selja öll húsin á reitnum sem eina heild. Skilafrestur er 29. September á hádegi. Skólinn er í samræðum við aðila sem hyggst gera tilboð í alla hina fermetrana og hefur áhuga á að gera eitthvað spennandi á reitnum, fleira en byggja íbúðir eða hotel.

### Ársreikningur 2022-23:

Eva kynnti niðurstöður sínar en hún hefur lokið uppgjöri og sent til endurskoðanda. Tap á síðari hluta reikningsársins er mun minna en á haustönn og niðurstaða ársins, rúmlega einnar milljón króna tap, er mjög ásættanlegt miðað við í hvað stefndi. Búið er að snúa taprekstri í hagnað í öllum deildum neme keramikbraut, sem skýrist af miklum launakostnaði í tengslum við mannaskipti, myndlistarnámi en á síðasta ári þurfti skólinn að greiða mjög mikið fyrir stuðning. Tapið er þó mest í sjónlistadeild. Þar var líka tvöfaldur stjórnunarkostnaður í marga mánuði vegna veikinda en fjölmargt í rekstrinum er hægt að laga.

Þrátt fyrir að ekki hafi verið gerður nýr samningur hefur ráðuneytið viðurkennt að ekki sé hægt að halda áfram út í hið óendandlega með óverðtryggða krónutölu og skólinn fékk 5,8% aukningu á alla samning á síðasta ári. Rætt hefur verið um að skólinn fái framlag með listmálarabraut, hvort sem það verður fullt

Fjárhagsáætlun skólaársins 2023-24 gerir ráð fyrir mjög góðum viðsnúningi á árinu. Það er háð því að allir deildarstjórar og yfirkennarar haldi mjög fast við sínar áætlanir sem unnar hafa verið á öllum þeim löngu fundum sem haldnir hafa verið á árinu. Nýjar reglur

um kennslusamninga gera ráð fyrir mjög sambærilegum samningum í öllum deildum. Skólinn ætlar ekki að kaupa vinnu af kennurum umfram það sem eðlilegt telst miðað við kenndar stundir og regluna sem gilt hefur um margra ára skeið um að skólinn greiði klukkustundarkaup fyrir 40 mínútna kennlustund. Þannig fær kennari alltaf 20 mínútna undirbúning greiddan fyrir hverja kennda stund. Með því að gæta ítrasta aðhalds á haustönn var ætlunin að sjá hvað skólinn gæti hækkað laun allra mikið í upphafi næsta árs.

Óróleiki meðal kennara sjónlistadeildar:

Greining á rekstri deildarinnar leiddi í ljós að kennarar fá bæði mun meira af undirbúningstímum en tíðkast við aðrar deildir en líka innbyrðis mjög mismunandi mikið af aukatímum. Það þarf nauðsynlega að leiðrétta, bæði er það sanngirnismál hið mesta og svo fáum við ekki jafnlaunavottun með þessu móti.

Þegar kennsla var að hefjast kom í ljós að deildarstjóri sjónlistadeildar hafði ekki látið sína kennara vita af þessari vinnu þegar hann ræddi við þau um kennslu á haustönn, þrátt fyrir að hann hefði í starfsmanna- og launaviðtali tekið að sér aukna fjárhagslega ábyrgð bæði á innkaupum á efni og við gerð kennslusamninga. Á móti fékk hann hækkuð laun eins og aðrir millistjórnendur við skólann en sú hækking var fjármögnuð með því sem sparaðist með niðurskurði á stöðum stjórnenda diplómanámsbrauta árið áður. Kennarar leituðu ekki skýringa hjá stjórnendum heldur héldu hópfund án þess að bjóða nokkrum sem svarað gæti fyrir hönd skólans. Ýmsar sögur eru á kreiki sem enginn ótur er fyrir en erfitt er að leiðrétta þar sem ekki er um beint samtal að ræða milli skólastjórnenda og hópsins sem er óánægður.

Lögð var fram tillaga um að fresta breytingum á samningum stundakennara þar til um áramót, að stjórn tæki þannig ábyrgð á mistökum í innleiðingu. Málamiðlun var samþykkt um að miða við vetrarfrí í staðinn fyrir áramót. Mað því móti gæfist kennurum færi á að meta betur nýjar forsendur vinnuframlags og launa og taka afstöðu til hvort þeir þiggi tilboð um kennslu.

Ákveðið var að bjóða hópnum að velja sér fulltrúa sem koma á fund skólastjóra og deildarstjóra sjónlistadeildar og jafnvel væri hægt að veita viðkomandi innsýn í ákveðnar trúnaðarupplýsingar úr bókhaldi.

Áslaugu var falið að skrifa bréf til hópsins og útskýra ástæður aðgerðanna og það að ekki er verið að lækka laun, aðeins óska eftir færri tímum í undirbúningsvinnu.

Eva kvödd:

Þetta var síðasti fundur Evu með stjórn en hún lætur af störfum um mánaðamótin. Stjórn þakkaði henni kærlega fyrir sín frábæru störf og óskaði henni alls hins besta og velgengni á nýjum vettvangi.

Fundi slitið.

Fundargerð ÁTh

# Undirritunarsíða

Bjarni Hinriksson

Erlendur Hjaltason

Logi Bjarnason

Elsa Dórothea Gísladóttir

Ingibjörg Jóhannsdóttir